



FRAMSÓKN OG ÓHÁÐIR

1. tölublað, Vestmannaeyjum 2010



Við viljum

Íbúakosningar

25% íbúa geti farið fram á kosningar um einstök mál.

Samvinnusjóð

400 milljónir verði settar í sjóð. Vaxtatekjur verði nýttar sem mótframlag í verkefni einstaklinga, fyrirtækja og félaga sem hlotið hafa styrki úr öðrum sjóðum.

Umboðsmann íbúa

Fulltrúi íbúa gagnvart bænum. Tekur við kvörtunum og ábendingum, leiðbeinir um þjónustu og upplýsingar.

Þjónustuiðbúðir fyrir aldraða

Bærin hafi forgöngu um stofnun samvinnufélags um byggingu þjónustuiðbúða fyrir aldraða í Vestmannaeyjum.

Vistvænt samfélag

Bærin hafi forgöngu um uppbyggingu vistvæns samfélags í Eyjum. Tilraunaverkefni á sviði vistvænnar orku og áhersla á græna ferðamennsku.

Stefnumótun vegna þjóðhátíðar

Nú stefnir í gríðarlega fjölgun gesta á þjóðhátíð. Mikilvægt er að fram fari umræða meðal íbúa um þróunina. Viljum við halda í sérkenni þjóðhátíðar, eða halda hér íslenska Hróarskelduhátíð?

Íbúakosningar - Vertu með í að móta samfélagið

Helsta baráttumál B-listans er að teknar verði upp íbúakosningar í Vestmannaeyjum. Við leggjum til að 25% bæjarbúa geti með undirskriftalistum óskað eftir kosningum um einstök mál, önnur en lögbundin verkefni sveitarfélagsins og þannig haft bein áhrif á mótun samfélagsins í Eyjum. Með því móti teljum við að bæjarstjórn geti unnið í betri sátt við íbúana en verið hefur. En hvað er íbúakosning og hvernig fer hún fram? Við getum tekið dæmi um hvernig vinna má skipulag tjaldsvæðisins á mun lýðræðislegri hátt en gert hefur verið.

Íbúar Bessahrauns gætu staðið fyrir undirskrifasöfnun meðal kosningabærra íbúa. Takist þeim að safna undirskriftum 25% kjósenda væri bæjarstjórn skylt að láta fara fram kosningar um staðsetningu tjaldsvæðisins. Þá gæti bæjarstjórnin auglýst eftir hugmyndum um nýja staðsetningu og bæjarbúum gæfist þannig kostur á að skila inn hugmyndum. Bærin ynni í framhaldinu úr tillögunum, greindi kosti þeirra og galla út frá sjónarmiðum ferðaþjónustu, íbúa og annarra sem hagsmuna ættu að gæta, auk þess að gera kostnaðaráætlun fyrir hvert svæði.

Að því loknu má fækka valkostunum, t.d. miðað við það fjármagn sem ætlað væri í framkvæmdina. Þessir valkostir væru svo kynntir ítarlega, með opnum fundi og auglýsingu. Að lokum yrði boðað til kosninga þar sem bæjarbúar tækju endanlega ákvörðun um staðsetningu tjaldsvæðisins.

En er þetta ekki óþarflega flókið og dýrt? Vissulega er þetta flóknara ferli en ef bæjarstjórn gæti tekið ákvörðunina einhliða. Hins vegar má benda á að þau kærumál, breytingar á skipulagi og tafir á framkvæmdum sem geta fylgt einhliða

ákvörðunum kosta líka mikinn tíma og peninga. Kosningarnar sjálfar þurfa svo ekki að kosta mikið. Hægt er að gefa fólki kost á að kjósa rafrænt, t.d. í gegnum heimabanka, auk þess sem hægt væri að setja upp tölvur í ráðhúsinu þar sem fólk gæti fengið aðstoð við að greiða atkvæði. Með því að láta kosningarnar standa yfir í nokkra daga þyrftu þær ekki að valda umtalsverðu álagi á þá starfsmenn bæjarins sem þeim sinntu, auk þess sem talning og úrvinnsla yrði öll rafræn.



LÝÐRÆÐI • SAMVINNA • GAGNSÆI

„Fjölga þjónustuíbúðum fyrir aldraða“



Sonja í vagnni með föður sínum og systur

Segðu okkur frá sjálfri þér

Ég heiti Sonja og er fædd um uppalin í Vestmannaeyjum. Foreldrar mínir eru Margrét Lárusdóttir og Andrés Þórarinsson, eða Addi frá Mjölni eins svo hann var kallaður og ég á 5 systkini. Maðurinn minn er Agnar Magnússon og við eigum þrjú börn og eitt er á leiðinni. Ég er matráður á Sóla og sé um að elda fyrir leikskólana hér í bænum. Ég hef unnið við matseld síðan ég var 16 ára gömul og stundaði nám við Hótel- og veitingahúsaskólann. Eldamennskan er mitt aðal áhugamál auk þess að eyða tíma með fjölskyldu og vinum.

Hvers vegna framboð?

Mér hefur þótt skorta á lýðræði og samvinnu hér í bæ. Til þess að breyta því

þurfa allir að leggja sitt af mörkum og mér fannst ég ekki geta skorast undan þegar leitað var til mín. Ég hef aldrei verið flokkspólitísk, en ákvað að taka slaginn sem óháð á B-listanum. Þetta er góður hópur sem ég veit að mun vinna vel saman á kjörtímabilinu.

Hver eru þín helstu baráttumál?

Þó margt hafi áunnist undanfarin ár veit ég að við getum gert miklu betur í mál-efnum barna og eldri borgara. Þetta er bara spurning um forgangsöröðun. Við þurfum að fjölga þjónustuíbúðum fyr-

ir aldraða og auka þjónustu við börn með sérþarfir í skólunum. Því miður hafa þau mál setið á hakanum þrátt fyrir góða stöðu bæjarsjóds. Ýmis gæluverkefni hafa þannig verið látin ganga fyrir grunnþjónustu við börnin okkar og eldri borgarana. Þá eru íbúakosningar mál sem ég vil berjast fyrir, því það er mikilvægt að íbúarnir geti sagt sína skoðun þegar kemur að forgangsöröðun og framkvæmdum hér í Eyjum. Með auknu lýðræði og samvinnu er hægt að byggja betra samfélag í sátt við íbúana.

Eydís Tórshamar, 4. sæti

„Stjórnsmál snúast um fólk, en ekki flokka.“

Segðu okkur frá sjálfri þér

Eydís Tórshamar heiti ég og er sjúkraliði og er á öðru ári í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri. Ég er fædd í Færeyjum og flutti ásamt mömmu minni og bróður til Vestmannaeyja 1978. Mamma mín er Guðný Anna Tórshamar, kölluð „Dinna“ og hún er ekkja Jóhannesar Esra Ingólfssonar sem gekk mér í föðurstað.

Ég ólst upp í Vestmannaeyjum og gekk í Barnaskólann en fór snemma að þvælast, meðal annars sem Au-pair í Bandaríkjunum og til Bretlands. Árið 1999 flutti ég til Álaborgar í Danmörku og bjó þar fram á haust. 2006. Þar var ég að vinna í skólum og var í námi sem „pædagog“ sem er sambland af leikskólakennara og þroskaþjálfara og líka á barnspítala, sem kveikti áhuga minn á heilbrigðisgeiranum. Ég fékk vinnu á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum stuttu eftir að ég flutti heim og byrjaði í sjúkraliðanáminu í

FÍV. Ég kláraði sjúkraliðanámið og stúdentsprófið á 35 ára afmælisdeginum mínum og var ákveðin því að halda áfram í hjúkrunarfræði eftir það.

Hvers vegna framboð?

Stjórnsmál hafa verið áhugamál hjá mér en ég hef verið meira í því að kvarta heima. Tækifærið til að geta tekið þátt í að gera samfélaginu til bóta í Vestmannaeyjum er núna. Bæta þarf þjónustu við aldraða, við börnin okkar og nýta þann mannaud sem við eigum hérna í Eyjum. Það verður að sjá til þess að þjónustan spítalans skerðist ekki meira og að hér sé öruggt að vera. Hér er stórkostlegt fólk og náungakærleikurinn er mikill og til þess að það haldi áfram verðum við að passa uppá hvort annað og vinna saman að því að hér vilji fólk eyða ævinni. Ég er óháð flokkspólitík því ég trúir því að stjórnsmál snúist um fólk, en ekki flokka. Á B-listanum er góður hópur sem á eftir að gera góða hluti í bæjarstjórn Vest-

Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir, 6. sæti

„Lýðræðislegri vinnubrögð“

Segðu okkur frá sjálfri þér

Ég heiti Sigurbjörg Kristín, alltaf kölluð Sigga Stína og starfa sem tryggingaráðgjafi hjá Sjóvá. Maðurinn minn er Gunnar Kristján Oddsteinsson, vélstjóri og við eigum fjórar dætur og tvö barnabörn. Ég er fædd og uppalin í Vík í Mýrdal og foreldrar mínir búa þar enn. Við hjónin höfum búið í 20 ár í þeirri paradís á jörð sem við köllum Vestmannaeyjar. Ég lauk námi við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst vorið 2009 og hef síðan stundað nám í viðskiptafræðum. Starfsreynslan er fjölbreytt, en ég hef unnið við landbúnað, fiskvinnslu og í sláturhúsi, en í seinni tíð við skrifstofustörf. Ég stunda myndlist í frístundum auk stangveiði og fluguhnýtinga. Svo nýt ég þess að ferðast um landið með fjölskyldu og vinum.

Hvers vegna framboð?

Mér finnst ákveðin stöðnun í stjórnsýsl-

unni hér í bænum. Meirihlutinn er einráður og minnihlutinn hefur að mínu mati ekki veitt honum nægilegt aðhald. Fleiri raddir þurfa að heyrast og efla þarf lýðræðið. Það tekst ekki nema nýtt fólk gefi kost á sér.

Hver eru þín helstu baráttumál?

Ég vil efla lýðræðið í Eyjum með aukinni þátttöku íbúa í stjórn bæjarins. Lýðræðislegri vinnubrögð með samráði við íbúa á öllum stigum mála, ásamt íbúakosningum er leið til þess. Þannig hefði til dæmis mátt koma í veg fyrir það mikla ósætti sem nú er uppi vegna tjaldsvæðisins. Þá vil ég tryggja að hér sé raunverulegt jafnrétti til náms. Skóli án aðgreiningar er grundvallar krafa því skólinn verður að geta komið til móts við alla nemendur í samræmi við þroska og þarfir hvers og eins. Það veit ég að er ekki í dag.



Sigga Stína með eiginmanni og barnabarni



Eydís með dætrum sínum.



LÝÐRÆÐI • SAMVINNA • GAGNSÆI

KOSNINGASKRIFSTOFA • Kirkjuvegi 19 • Sími 893 9402 • Netfang: xbeyjar@gmail.com

Framboðslisti Framsóknar og óháðra við bæjarstjórnarkosningarnar í Vestmannaeyjum 29. maí 2010



1. sæti
Sigurður E. Vilhelmsson
líffræðingur
„Styrkur hinna smáu felst í samvinnu“



2. sæti
Sonja Andrésdóttir
matráður
„Annastu vel þá sem þú elskar“



3. sæti
Eggert Björgvinsson
tónlistarkennari
„Auðvelt er að komast hjá gagnrýni með því að segja ekkert, gera ekkert og vera ekkert“



4. sæti
Eydís Tórshamar
sjúkraliði
„Í augum alls heimsins ertu bara ein lífil mannvera. En í augum einnar lítillar mannveru ert þú allur heimurinn“



5. sæti
Jónatan Guðni Jónsson
grunnskólakennari
„Mikilvægustu hlutirnir í lífinu eru ekki hlutir“



6. sæti
Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir
tryggingaráðgjafi
„Aldraða láttu ofarlega sitja“



7. sæti
Sigrún Hjörleifsdóttir
ráðskona
„Yljir þú vera vitur, sestu þá niður og hlustaðu“



8. sæti
Sveinn Friðriksson
verkamaður
„Slæmir hlutir gerast þegar gott fólk gerir ekkert“



9. sæti
Oddný Garðarsdóttir
húsmóðir
„Hlúðu að því sem þér þykir vænt um“



10. sæti
Jóhann Þorvaldsson
vélstjóri
„Fleygðu ekki neti þínu þar sem enginn fiskur er“



11. sæti
Íris Jónsdóttir
verslunarmaður
„Hver vegur að heiman er vegurinn heim“



12. sæti
Viktor Hjartarson
verkamaður
„Allt er vænt sem vel er grænt“



13. sæti
Hallgrímur Rögnvaldsson
verkstjóri
„Raunveruleg auðæfi manns felast í því góða sem hann lætur af sér leiða“



14. sæti
Skæringur Georgsson
húsasmiðameistari
„Oft er gott það er gamlir kveða“



LÝÐRÆÐI • SAMVINNA • GAGNSÆI

KOSNINGASKRIFSTOFA · Kirkjuvegi 19 · Sími 893 9402 · Netfang: xbeyjar@gmail.com

„Íbúar eiga rétt á að koma að stefnumótun bæjarins á öllum stigum“

Hvers vegna býður B-listinn fram?

B-listi Framsóknar og óháðra bauð síðast fram árið 2002. Það kjörtímabil var lærdómsríkur tími. Því miður hefur sá órói sem þá ríkti haft mjög neikvæð áhrif á lýðræðisumræðu í samfélaginu. Hann leiddi til þess að Sjálfstæðisflokkurinn varð aftur einráður, með þeirri stöðnun sem því hefur fylgt. Þó verklegar framkvæmdir hafi verið fyrirferðarmiklar, vegna mikils hagnaðar af sölu bréfa í Hitaveitu Suðurnesja, hefur stjórn bæjarins hrokkið aftur í sama einveldisgírinn og ríkti áður en D-listinn missti meirihluta sinn 2002. Mikið skortir á opna umræðu, lýðræðisleg vinnubrögð og virkt aðhald minnihlutans. Þessu þarf að breyta og við getum ekki skorast undan. Við höfum lært mikið af þeim mistökum sem fulltrúar allra flokka gerðu á kjörtímabilinu 2002-2006 og

við munum tryggja að þau endurtaki sig ekki. Hræðslan við lýðræðið má ekki verða til þess að við þurfum að búa við einræði fjögur ár til viðbótar. Við teljum mikilvægt að bjóða fram raunhæfan valkost á miðju stjórnmalanna, sem er tilbúinn að koma að stjórn bæjarins, eða veita málefnalegt aðhald í minnihluta.

Hver eru helstu stefnumál B-listans?

Við berjumst fyrir opnara og lýðræðislegra samfélagi í Eyjum. Við erum eins og stór fjölskylda og í öllum nútíma fjölskyldum eru ákvarðanir teknar sameiginlega eftir umræður og skoðanaskipti allra fjölskyldumeðlima. Með íbúakosningum, opnari stjórnsýslu og aukinnni miðlun upplýsinga í gegnum öflugra vefgátt má auka þátttöku íbúa í stefnumótun bæjarins. Þannig er hægt að vinna mál í meiri sátt og samvinnu en verið hefur. Samvinnan er annar

lykilþáttur í stefnu okkar. Við viljum að bæjaryfirvöld hafi meira frumkvæði að samvinnu við íbúana, meðal annars með stofnun embættis umboðsmanns íbúa, sem verður tengiliður bæjarbúa við stjórnkerfið. Hann tekur við kvörtunum og ábendingum, veitir upplýsingar um þjónustu á vegum bæjarins og ber ábyrgð á þróun íbúalýðræðis í bænum. Þá getur bærinn haft frumkvæði að fleiri samvinnuverkefnum, svo sem stofnun samvinnufélags um byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða, aðkomu foreldra og starfsmanna að rekstri leikskólanna og fleira. Þessu öllu fylgir krafa um meira gagnsæi í stjórn bæjarins. Íbúar eiga rétt á að koma að stefnumótun bæjarins á öllum stigum og koma verður í veg fyrir að traðkað sé á réttindum þeirra eins og margir hafa reynt síðustu árin. Til þess þurfa íbúar líka að vita að hverju bæjaryfirvöld eru að vinna

hverju sinni. Með betra aðgengi að upplýsingum,



vefútsendingumfrábæjarstjórnarfundum og reglulegum opnum fundum nefnda, eða viðtalstímum nefndaformanna, má auka þetta gagnsæi.

Hvers vegna á að greiða ykkur atkvæði?

Við byggjum okkar hugmyndafræði á þremur grunngildum. Þau eru lýðræði, samvinna og gagnsæi. Þetta eru þau gildi sem við viljum innleiða í stjórn bæjarins. Svo Eyjamenn geti áfram búið saman í sátt og samlyndi eins og ein stór fjölskylda þurfum við að lifa eftir þeim.



OPNUM KOSNINGASKRIFSTOFU

Framsókn og óháðir opna kosningaskrifstofu
laugardaginn 15. maí kl. 13 að Kirkjuvegi

Á staðnum verða frambjóðendur og gómsætar veitingar



FRAMSÓKN
og ÓHÁÐIR



LÝÐRÆÐI • SAMVINNA • GAGNSÆI